

- 111** Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
 10. ágúst hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 173 22. september 1951.

Samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

112

13. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi,
 nr. 158 25. nóv. 1948.

13. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 22,5% — tuttugu og tvo og hálfan af þúsundi —, þó skal lágmarksskattur vera kr. 75.00 fyrir hvert íbúðarhús.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

113

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1955.

		Tekjur:	
1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	4086.65	
			kr. 4286.65
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	10.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	204.67	
			— 214.67
			Kr. 4501.32
		Gjöld:	
Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	200.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	4301.32	
			Kr. 4501.32

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.